

# Verkalýðsfélag Vestfirðinga

*Þetta á við íbúðir Verk Vest í  
Sunnusmára 16-18 í Kópavogi.*

## Hvaða bílastæði á ég?

Allir sem leigja íbúðir hjá Verk Vest hafa fengið leigusamning, ýmist á prenti, með tölvupósti eða bæði. Hafir þú leigt íbúð í Sunnusmára er texti



neðarlega hægra megin á fyrri síðunni þar sem stendur **Bílageymsla stæði nr. 03 B\*\*** (ath að stjórnurnar standa fyrir númer stæðisins). Auk númers á bílastæði er lógó Verk Vest málað á öll stæði Verk Vest. Ekki eru einkastæði utan húss.

Leigjandi íbúðarinnar er umráðamaður bílastæðisins og öðrum er ekki heimilt að leggja þar. Sama gildir leggi leigjandi í rangt stæði, en þá er hann að leggja í stæði sem tilheyrir öðrum sem er óheimilt.



Bílastæði Verk Vest eiga að vera þrífaleg og ber leigjandi ábyrgð á því að skilja við stæðið eins og hann kom að því. Leki bílar olíu eða öðrum vökvum ber leigjanda að þrifa það upp við brottför.

Athugið að óheimilt er með öllu að hlaða rafmagnsbíla í bílakjallara. Þar til gerðar hleðslustöðvar eru fyrir framan blokkina.



*Munum að íbúðirnar eru sameign félagsmanna allra.*

*Göngum vel um.*